



Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2016 - 2017 2. bréf

Kæru nemendur og foreldrar

Nú er skólastarfið komið í fullan gang og fer vel af stað. Í þessum mánuði eru kynningafundir fyrir foreldra og munu umsjónarkennarar senda bréf heim um dagsetningar á fundunum.

Þann 6 september verður *Norræna skólahlaupið* og daginn eftir verður sett af stað átakið *Göngum í skólann* en markmiðið með því er að hvetja börnin til að ganga í skólann. Það er bæði hollt og svo er það stór þáttur í umhverfisstefnu Síðuskóla. Við verðum að taka höndum saman og minnka akstur við skólann á morgnana en það myndast oft mikil umferðarteppa við innkeyrsluna þegar margir bílar eru á ferð. Fyrsta skrefið er að börnin gangi eða hjóli í skólann!

Við ætlum að halda upp á Dag íslenskrar náttúru þann 15. september. Dagur íslenskrar náttúru er í raun 16. september en þá er að þessu sinni skipulagsdagur í skólanum og frí hjá nemendum. Við fögnum degi íslenskrar náttúru með ýmsum verkefnum tengdum umhverfinu og brjótum upp hefðbundna stundatöflu með vettvangsferðum. Þennan dag er keppnin um Náttúrufræðing Síðuskóla þar sem nemendur keppa um þennan titil með því að þekkja plöntur, fugla og staði/landslag á Íslandi.

Miðvikudaginn 14. september er aðalfundur FOKS, foreldra og kennarafélags Síðuskóla. Mikilvægt er að foreldrar mæti á þennan fund því við berum sameiginlega ábyrgð á menntun barnanna. Þátttaka foreldra er gífurlega mikilvæg til að byggja upp gott skólastarf.

Bestu kveðjur úr skólanum

Ólöf Inga

Á döfinni í september:

7. sept.	Átakið Göngum í skólann hefst		
8. sept.	Dagur læsis		
14. sept.	Aðalfundur FOKS		
15. sept.	Dagur íslenskrar náttúru - Náttúrufræðingur Síðuskóla útnefndur		
22.– 23. sept.	Samræmd próf í 7. bekk:	22. sept.: íslenska	23. sept.: stærðfræði
24. - 25. sept.	Samræmd próf í 4. bekk:	29. sept.: íslenska	30. sept.: stærðfræði



Hvatning – hrós

Hvatning er góð aðferð til að kenna nýja hegðun og viðhalda henni. Hvatning strax

í kjölfar æskilegrar hegðunar hefur mest áhrif og eykur líkur á að hegðunin verði endurtekin og lærist smám saman. Þegar kenna á nýja hegðun er nauðsynlegt að hvatning fylgi í kjölfarið hverju sinni en aðeins endrum og sinnum ef viðhalda á mótaðri hegðun.

Hugtakið hvatning er hér notað yfir allt sem með einhverjum hætti er viðurkenning starfsfólks skólans á æskilegri hegðun barna.

Hrós er dæmi um félagslega hvatningu. Það er góð leið til að sýna börnum jákvæða athygli og til að auka tíðni æskilegrar hegðunar. Hrós má bæði nota skilyrt og óskilyrt. Þegar talað er um skilyrt hrós er það háð skilyrðum, ef – þá, og fylgir í kjölfar tiltekinnar æskilegrar hegðunar. Ef barn hengir upp úlpuna sína þá fær það hrós. Mikilvægt er að hrós (og reyndar öll hvatning) sé skilyrt (ef – þá) ef auka á tíðni æskilegrar hegðunar.

Hrósið þarf að vera nákvæmt: Gott hjá þér að ganga frá skónum þínum, í stað þess að segja aðeins: Þetta var gott hjá þér.

Hrós eykur mjög sjálfstraust barna og er árangursríkt ef það er nákvæmt og hrósað er fyrir nýja og betri hegðun eða færni. Einnig skiptir máli að hrósa af jákvæðni strax í kjölfar hegðunar en ekki með neikvæðum athugasemdum. Hrós þarf að vera auðskilið og einlægt.

Tekið úr styðjandi foreldrafærni

Aðalfundur Foreldra-og kennarafélags Síðuskóla/FOKS

Hér með er boðað til aðalfundar FOKS miðvikudaginn 14. september kl. 20:00-22:00 í stofu 31 og 32 á B – gangi. Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf, kosning í stjórn og nefndir, og hagnýtar upplýsingar og umræður fyrir foreldra og fleira. Starf FOKS er afar mikilvægt fyrir skólann okkar og hefur félagið sýnt skólanum ómetanlegan stuðning í verki undanfarin misseri. Afar mikilvægt er að foreldrar mæti á fundi FOKS og taki virkan þátt í starfinu. Við höfum fengið prýðisgóða mætingu á fundi og viljum að sjálfsögðu gera enn betur í ár. Því leggjum við mikla áherslu á að allir nemendur skólans eigi fulltrúa á aðalfundinum! Síðuskóli leggur áherslu á þátttöku og áhrif foreldra, nýtum tækifærið og tökum vikan þátt í starfsemi FOKS. Samkvæmt lögum FOKS skal aðalfundur haldinn árlega í september.

MENTOR

Hagnýtar upplýsingar varðandi mentor.is

Til að komast í Mentor (www.mentor.is) þarf að hafa aðgangsorð og lykilorð. Á Mentor má finna upplýsingar um nám nemenda, bekkjarlista, ástundun, verkefnabækur, dagbækur o.fl. Inni á svæði foreldra er líka hægt að tilkynna veikindi þannig að ekki þurfi að hringja að morgni til í skólann heldur fá ið þið staðfestingu senda á netfangið ykkur þegar ritari hefur móttengið beiðnina. Með þessu er t.d. hægt að skrá á miðvikudagskvöldi veikindi vegna fimmtudags. Þeir sem ekki hafa aðgang að Mentor, eða eru búnir að gleyma aðgangsorðinu, geta leyst málið með því að fara inn á síðuna: www.mentor.is Þar er hægt að skrá sig inn í kerfið með notendanafni sem er kennitala án bandstriks. Sé viðkomandi ekki með lykilorð er smelt á "Gleymt lykilorð". Þá fer af stað ferli sem viðkomandi er leiddur í gegnum og fær þá sent lykilorð í tölvupósti. Ef allt kemur fyrir ekki er hægt að hafa samband við ritara skólans og fá sent lykilorð. Nemendur eiga ekki undir neinum kringumstæðum að fara inn á vefinn með aðgangsorði foreldra sinna því þar birtast aðrar upplýsingar en á þeirra eigin spjaldi og þau eiga t.d. ekki að hafa aðgang að veikindaskráningu. Nemendur eiga hins vegar sinn eigin aðgang sem þau geta notað til að skoða meðal annars heimavinnu. Á foreldraspjaldi sést fyrir neðan mynd barnsins aðgangsorð og lykilorð. Endilega skrifið þau niður fyrir börnin ykkar og aðstoðið við að fara inná Mentor ef þau kunna það ekki nú þegar. Nemendur geta breytt lykilorðinu sínu eins og foreldrar þegar skráð er inn í fyrsta sinn í kerfið. Á eftirfarandi slóð má finna afar góðar leiðbeiningar (kennslumyndbönd) fyrir foreldra: <http://mentor.is/Spurningar/Fyrir-nemendur-og-a%C3%B0standendur/Kennslumyndbond>



Göngum í skólann!

Átakið göngum í skólann hefst 7. september. Við hvetjum nemendur okkar til að ganga í skólann enda búa langflestir í góðu göngufæri við skólann. Öll hreyfing er þar að auki holl og gott að fá ferskt loft í lungun að morgni dags.

Fimmtudaginn sl., 25. ágúst, fór 6. bekkur Síðuskóla í siglingu með Húna II. Þessi ferð er farin til að kynna fyrir nemendum lífríki hafsins, sögu Húna og einnig til að kynnast nærumhverfinu hér í Eyjafirði. Þegar komið var um borð var byrjað á að fara yfir öryggisatriði og öryggisútbúnað skipsins, nemendur úr Sjávarútvegsfræði Háskólans á Akureyri fræddu að því loknu nemendur um helstu fiska sem finnast við Íslands og lífríkið í sjónum. Þegar því var lokið var rennt fyrir fisk, í ár voru aflabrögðin ágæt en meðal tegunda sem veiddust voru þorskur, lýsa, ýsa, ufsi og koli. Þegar búið var að veiða í klukkustund var haldið af stað heim og nemendur fengu fræðslu um sögu Húna II frá Steina P. Áhöfnin flakaði á meðan aflann og grillaði og fengu allir að smakka ferskan fisk beint af grillinu áður en komið var í land. Vel heppnuð ferð í blíðuveðri, eins og myndirnar hér að neðan sýna og skemmtu allir sér hið besta.



MATSEÐILL - SEPTEMBER 2016

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
5. Hakk, spaghetti, snittu- brauð	6. Samlokur - breyting vegna Norræna skóla- hlaupsins	7. Gúllas, kartöflumús	8. Ostafylltar fiskisteikur, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	9. Súpa, brauð, grænmeti, ávextir
12. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð	13. Hakkað buff, kartöflur, lauksósa	14. Steiktur fiskur, kartöflur, grænmeti, sósa, ávextir	15. Kjúklingur, hrísgrjón, maisbaunir, sósa	16. BKNE þing - enginn skóli
19. Ýsubitar í karrykókos, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	20. Kjöttbollur, kartöflur, rauðkál, gr. baunir, sósa	21. Ofnbakaður fiskur, kartöflur, grænmeti, sósa, ávextir	22. Svínakjöt í súrsætri sósu, hrísgrjón, snittubrauð	23. Pasta, brauð, grænmeti, sósur
26. Gratineraður fiskur, kartöflur, grænmeti, sósa, ávextir	27. Slátur, kartöflumús, ávextir	28. Soðinn fiskur, kartöflur, salatbar	29. Píta m. hakki, grænmeti, sósa	30. Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð